

468. mál

Alþingi
Erindi nr. P 141/967
komudagur 10.12.2012

Minnisblað til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis 10. desember 2012

Kirkjuráð hefur áhyggjur af stöðu sóknargjalda við afgreiðslu fjárlaga. Engar breytingartillögur hafa komið fram til leiðréttingar þrátt fyrir **gefin loforð í nefndaráliti** við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2012 þar sem segir: „**Þjóðkirkjan hefur vakið athygli fjárlaganefndar á misræmi við útfærslu á niðurskurði framlaga undanfarinna ára. Þannig hafa framlög til sóknargjalda lækkað mun meira en sem nemur hagræðingarkröfu á almennan rekstur ríkisins. Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að leggja mat á afleiðingar niðurskurðarins. Í kjölfar þess að nefndarálit verður kynnt ráðherra og Alþingi mun ráðuneytið bregðast við ábendingum með tillögum til Alþingis um breytingar á fjárframlögum við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 2013.**“

Mínum við enn og aftur á að sóknargjöldin eru félagsgjöld sem ríkið tók að sér að innheimta fyrir sóknir og trúfélög í landinu en ekki sérstakur tekjustofn ríkisins. Ekkert samráð hefur verið haft við kirkjuna um þennan niðurskurð sóknargjalda.

Kirkjuþing kemur saman á ný eftir að afgreiðslu fjárlaga Alþingis er lokið. Þá verður rædd tillaga innanríkisráðherra þess efnis að kirkjuþing samþykki fyrir sitt leyti að endurgjald ríkisins samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi ríkis og kirkju frá 1997 lækki á árinu 2013. Kirkjuþing sem haldið var í nóvember frestaði afgreiðslu málsins vegna kröfu um leiðréttingu sóknargjaldanna við fjárlagagerð Alþingis.

Fyrir hönd þjóðkirkjunnar,
Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands

Fylgiskjal með minnisblaði til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

10. desember 2012

Fjármál þjóðkirkjunnar

Miðað við að sóknargjöld þjóðkirkjunnar hefðu verið óskert frá árinu 2008 og hækkað í samræmi við lög nr. 91/1987 og ekki hefði verið vikið frá kirkjujarðasamkomulaginu - er boðaður niðurskurður í fjárlagafrumvarpi 2013 um 1.207,6 m.kr. eða um 24% í heildina milli áranna 2012 og 2013.

Niðurskurður á kirkjujarðasamkomulaginu er 20% miðað við forsendur í fjárlagafrumvarpi 2013 og óskert framlag samkvæmt reiknilíkani 2013 byggðu á kirkjujarðasamkomulaginu. Þessi niðurskurður jafngildir því að ríkið greiði laun 109 presta í stað þess að greiða laun 138 presta eins og samningur ríkis og kirkju gerir ráð fyrir.

Samanburður á frumvarpi 2013 og óskertum framlögum frá 2008 í milljónum króna	Fjárlaga- frumvarp 2013	Reiknað óskert framlag 2012	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan/kirkjujarðasamkomulagið	1.434,0	*1.789,2	-20%	-355,2
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	310,8	425,5	-27%	-114,7
06-705 Kirkjumálasjóður	240,2	328,9	-27%	-88,7
06-707 Kristnisjóður	73,1	102,0	-28%	-28,9
06-735 Sóknargjöld	1.680,0	2.300,1	-27%	-620,1
Samtals	3.738,1	4.945,7	-24%	1.207,6

*Miðað við reiknilíkan 2013 byggt á kirkjujarðasamkomulaginu

Ef miðað er við óskertan grunn sóknargjalda frá árinu 2008 eru sóknir að taka á sig 620 m.kr. skerðingu eða 27% - því ef sóknargjaldið hefði verið reiknað samkvæmt óbreyttum lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987 ætti það vera kr. 1.005,- árið 2012.

Frá fjárlögum ársins 2008 til 2011 hafa sóknargjöld lækkað um sem nemur 25% umfram fjárveitingar til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar. Skýringin er að stofnanir innanríkisráðuneytisins hafa notið launa- og verðlagsbóta - en sóknargjöldin ekki.

Áætlað sóknargjald 2013 út frá mismunandi forsendum	Skert sóknargjald: Fjárlaga- frumvarp 2013	Miðgildi frumvarps og nefndar IRR	Samkvæmt tillögu nefndar IRR	Óskert sóknargjald: Uppreiknað frá 2008-2012
Áætlað sóknargjald 2013	728 kr.	790 kr.	852 kr.	1.005 kr.
Skil sóknargjalda til þjóðkirkjunnar <i>sbr. lög um nr. 91/1987</i>	1.680,0 m.kr.	1.823,1 m.kr.	1.966,2 m.kr.	2.300,1 m.kr.
Greiðsla í Jöfnunarsjóð sókna <i>sbr. lög nr. 91/1987</i>	310,8 m.kr.	337,3 m.kr.	363,7 m.kr.	425,5 m.kr.
Greiðsla í Kirkjumálasjóð <i>sbr. lög nr. 138/1993</i>	240,2 m.kr.	260,7 m.kr.	281,2 m.kr.	328,9 m.kr.
Áætlaðar viðbótargreiðslur <i>miðað við fjárlagafrumvarp 2013</i>		190,0 m.kr.	380,0 m.kr.	823,5 m.kr.